

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2022
UST202112-256/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - Hringvegur um Mýrdal – færsla.
Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dagsett 21. desember 2021 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Í greinargerðinni kemur fram að nú sé verið að vinna að forhönnun vegar skv. valkosti 1 og „*mat á umhverfisáhrifum verði unnið samhliða forhönnun vegarins til að tryggja að horft sé til umhverfissjónarmiða við útfærslu vegarins.*“

Umhverfisstofnun vill benda á að veglína 1 liggur nærri landsvæðum sem talin eru hafa mjög mikið verndargildi og sækir fjöldi ferðamanna þessa staði heim. Umhverfisstofnun telur að ekki sé unnt að ráðast í endurheimt eða mótvægisáðgerðir til að bæta fyrir umhverfisáhrif veglínu 1. Eina raunhæfa áðgerðin sem getur komið í veg fyrir þessi miklu neikvæðu umhverfisáhrif er að velja veginum annan stað en hér er gert.

Umhverfisstofnun telur að þegar vegur er lagður um einsleitt svæði eins og t.d. Mýrdalssand séu áhrif framkvæmdarinnar nokkurn veginn þau sömu hvar sem vegurinn er staðsettur á svæðinu. Hins vegar er staðsetning vegar um Mýrdal afgerandi hvað varðar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og því er nauðsynlegt að gera grein fyrir raunhæfum valkostum á öðrum stað en veglínu 1 til að forðast þau neikvæðu umhverfisáhrif sem vegur á þeirri leið mun hafa í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að þegar mati á umhverfisáhrifum virðist ekki ætlað annað hlutverk en að setja fram tillögu um útfærslu vegarins, t.d. hvort fláar verði 1:2,5 eða 1:3 eða hvort ræsi verða fleiri eða færri, þá er matsferlið orðið lítið annað en formsatriði sem þarf að ljúka áður en ráðist er í framkvæmdir.

Umhverfisstofnun hefur upplýsingar um að líkast til hafi aldrei verið hannaður vegur um Gatnabrún heldur sé núverandi vegur lagfæring eldri vegar sem hafi verið valinn staður á sama hátt og núverandi vegur, þ.e. „settur út eftir auganu“. Umhverfisstofnun telur því að

koma þurfi fram að núverandi vegur sé á engan hátt besta vegtæknilega lausnin á þessum stað og unnt sé að minnka halla og krappar beygjur með nýrri hönnun eins og ráðgert er.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
Sérfræðingur